

MINNISBLAÐ

DAGS.

28.01.2022

SENDANDI

Árni Svavarsson (Nesey ehf.)
Snævarr Örn Georgsson (EFLA)

MÁLEFNI

Hjálmholtsnáma: Svör við umsögnum um umhverfismatsskýrslu

DREIFING

Skipulagsstofnun

Svör framkvæmdaraðila við umsögnum um umhverfismatsskýrslu áframhaldandi efnistöku í Hjálmholtsnámu.

Umhverfismatsskýrsla áframhaldandi efnistöku í Hjálmholtsnámu var kynnt frá 8. desember 2021 til 19. janúar 2022 hjá Skipulagsstofnun. Á þeim tíma gat hver sem er kynnt sér efni umhverfismatsins og skilað inn athugasemdum til Skipulagsstofnunar. Umsagnaraðilar að beiðni Skipulagsstofnunar voru Flóahreppur, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun.

Einu umsagnirnar sem bárust voru frá opinberu umsagnaraðilunum sem að Skipulagsstofnun bað sérstaklega um að skila umsögn, engar athugasemdir bárust frá almenningi.

Umsagnir Flóahrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar Íslands kalla ekki á nein svör eða viðbrögð hjá framkvæmdaraðila.

Svör við athugasemdum í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands

- „hefur í umhverfisskýrslu verið lagður fram valkostur B sem miðast við landamerki. Fyrir valkost B stækkar efnistökusvæðið úr 25 ha í 30 ha, og vinnanlegt magn eykst um helming eða úr 150.000 m³ í 300.000 m³. Náttúrufræðistofnun telur þetta efnismagn ekki geta staðist miðað við 5 ha stækkun og þarfnist nánari útskýringar“
 - Stór hluti þeirra 25 ha sem eru hluti af námusvæðinu er nú þegar búið að vinna, um 13 ha eru eftir óunnir. Þessi 5 auka hektarar eru algjörlega óunnir og yfirborð nokkuð jafnara miðað við þar sem verið er að vinna núna, það þýðir meira efnismagn per hektara. Miðað við þriggja metra hraunþykkt, sem er algjörlega í samræmi við það sem kemur fram í kafla 3.2 á bls. 21, þá gefa 5 ha af sér 150.000 m³.

Þetta er jafnframt gróf áætlun, ekki nákvæm þrívíddarmæling. Það var ákveðið að áætla ríflegt magn til þess að náman væri örugglega innan þeirra marka og til að ekki væri hægt að saka Nesey um að gera lítið úr efnisökumagninu í umhverfismatinu.
- „Mynd 4.2 bls. 31 gefur gott yfirlit yfir náttúrufræðisins sem þrátt fyrir fábreytni hefur mikið gildi fyrir ásýnd og landslag. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að ekki er hægt að segja að áhrif framkvæmdar hafi óveruleg áhrif á lífríkið“
 - Líkt og kemur fram í umhverfismatsskýrslu þá er fuglalíf lítið og fábreytt og gróðurfar er einsleitt og algengt á landsvísu með lágt verndargildi. Þau rök sem NÍ telur til eiga öll við ásýnd

svæðisins, ekki lífríki. Framkvæmdaraðili stendur við sitt mat um að efnistakan hafi óveruleg áhrif á lífríki.

- „Í umhverfismatsskýrslunni eru efasemdir um verndargildi hraunsins og að fyrirhuguð efnistaka sé einungis um 0,0006% af Þjórsárhrauni (bls. 37). Náttúrufræðistofnun getur ekki fallist á þessa framsetningu því þó að rask vegna efnistöku í Merkurhrauni sé lítið miðað við heildarflatarmál Þjórsárhrauns (er reyndar 0,026%), þá er verndargildi hraunsins metið hátt vegna vísindalegs gildi.“
 - Verndargildi hraunsins er ekki dregið í efa, hins vegar er fjallað um að jarðmyndunin sé það víðfeðm og ná yfir það stóran hluta suðurlandsundirlendisins að það er óhjákvæmilegt að hún verði fyrir rask.
 - Í umhverfismatsskýrslu segir að efnistakan sé 0,0006% af jarðmynduninni, sem er alveg rétt. Efnistakan (og jarðmyndunin) er í þrívídd og því er miðað við rúmmál jarðmyndarinnar, og 150.000 m³ eru 0,0006% af 25 km³. Náttúrufræðistofnun skoðaði bara flatarmál í sínum útreikningum.
 - „Í umhverfismatsskýrslu kemur í ljós að stuðst er við skýrslu ÍSOR frá 2016 „Vatnsverndarsvæði nálægt Bitru í Flóahreppi“ og því er ekki um nýja úttekt eða rannsókn að ræða eða að hún sé beinlínis tengd námusvæðinu.“
 - Þessi úttekt og skýrsla var sérstaklega gerð fyrir sveitarfélagið Flóahrepp í tengslum við gerð nýs aðalskipulag. Tilgangur skýrslunnar var tvíþættur:
 1. „Hvort ákjósanlegt gæti verið að nýta svæðið til neysluvatnstöku, þ.e. hvort þarna sé á ferðinni nýtanlegur grunnvatnsstraumur hvað varðar magn og gæði.
 2. Hvernig eðlilegast væri að skilgreina vatnsverndarsvæði á þessum slóðum og hvort forsvaranlegt sé að hafa námuvinnslu (E14) og frístundabyggð (F57 og F54) í þessari nálægð við líkleg brunnsvæði. Gert er ráð fyrir að unnt sé að veita námaleyfi með skilyrðum um umgengni og að þar verði ekki geymd mengandi efni, s.s. olíur.
- Þessi skýrsla er því beinlínis tengd námusvæðinu og sérstaklega gerð til að meta áhrif efnistökkunnar á mögulegt vatnsból og vatnsverndarsvæði, ólíkt því sem að NÍ heldur fram í sinni umsögn.
- „Í samantekt (bls. 52) má sjá í töflu 6.1 mat á heildaráhrifum framkvæmdarinnar á einstaka umhverfisþætti og eru þeir allir metnir verða fyrir óverulegum neikvæðum áhrifum. Náttúrufræðistofnun getur ekki tekið undir þetta mat þar sem námuvinnslnni fylgir umfangsmikið rask og brott nám á yfirborði hrauns sem er grunnur fyrir núverandi vistgerðir og búsvæði. Hraunið verður ekki endurheimt en með frágangi námunnar verður til nýr grunnur, jarðvegsgrunnur, þar sem aðrar vistgerðir, en þær sem nú ríkja á Merkurhrauni, koma til með þrífast. Þessar breytingar verða varanlegar og koma til með að breyta núverandi heildarásýnd Merkurhrauns.“
 - Það er rétt að jarðefni verða numin á brott og eru þau áhrif varanleg. Líkt og áður hefur verið tekið fram eru þessi jarðefni 0,0006% allri jarðmynduninni, framkvæmdaraðili stendur því við sitt mat að áhrif á jarðmyndanir séu óveruleg.
 - Ekki er víst að aðrar vistgerðir muni nema land, til stendur að leyfa svæðinu að gróa upp með staðargróðri. Hraunið er yfir 20 m þykkt svo það verður ennþá hraun á öllu efnistökusvæðinu og ofan á það kemur aftur sami jarðvegur og er núna ofan á hrauninu, aðstæður fyrir gróður verða

Því áfram mjög sambærilegar því sem nú er, þó óhjákvæmilega verði þær ekki nákvæmlega þær sömu.

- Ásýnd svæðisins breytist vissulega, en það verða áfram stór óröskuð svæði með sömu vistgerð og ásýnd allt í kring og meðfram Hvítá í báðar áttir. Náman er jafnframt lítið sem ekkert sýnileg vegfarendum og öðrum á svæðinu.
- Framkvæmdaraðili stendur við sitt mat að heildaráhrif efnistökkunnar séu óveruleg.